

**Fundargerð 5. fundar
Fræðsluráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
5. febrúar 2019 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Elín Björg Gissurardóttir formaður, Jónína Magnúsdóttir aðalmaður, Sverrir Rúts Sverrisson aðalmaður, Sigrún Halldórsdóttir aðalmaður, Anna Sóley Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna María Víktorsdóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Þ. Kristjánsson fundarritari, .

Fundargerð ritaði: Guðjón Kristjánsson, formaður.

1. Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta - 1807110

Guðrún Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs ásamt fræðslufulltrúa fóru yfir minnisblað um mótun fjölskyldusviðs og hugmyndir um vinnuna framundan.

Gestir

Guðrún Björg Sigurðardóttir -

Fræðsluráð býður Guðrúnu Björgu velkomna á fundinn.

Fræðsluráð fagnar því að mótun fjölskyldusviðs sé komið af stað.

Fræðsluráð mælir með framlengingu á samningi við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar út skólaárið 2019-2020 til að skapa svigrúm fyrir mótun skólaþjónustu innan Suðurnesjabæjar.

Fræðsluráð leggur áherslu á mikilvægi þess að nýta þetta einstaka tækifæri til að móta víðtæka þjónustu við fjölskyldur í Suðurnesjabæ.

2. Leikskólamáli - 1901013

Guðrún Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og fræðslufulltrúi fóru yfir minnisblað Róberts Ragnarssonar um ungbarnaleikskóla og minnisblað Magnúsar Stefánssonar af fundi um leikskólann Sólborg.

Gestir

Guðrún Björg Sigurðardóttir -

Minnisblað Róberts Ragnarssonar um ungbarnaleikskóla og minnisblað Magnúsar Stefánssonar af fundi um leikskólann Sólborg lögð fram til kynningar.

Fræðsluráð leggur til að skoðaður verði sá kostur að byggðir verði ungbarnaleikskólar í báðum byggðarkjörnum enda sýna tölur að þörfin er fyrir hendi.

5. fundur Fræðsluráðs
12.02.2019

Fræðsluráð leggur áherslu á að inntökureglur á leikskólum sveitarfélagsins verði samræmdar.

Fræðsluráð bendir á að litið verði gagnrýnum augum á viðmiðunarreglur um rými á hvert barn með þarfir nútíma skólastarfs á leikskólum í huga. Einnig út frá lýðheilsfræðilegum sjónarmiðum barna og starfsfólks.

Fundi slitið kl. 17:50.
